



17. stjórnarfundur Austurbrúar, mánud. 6. maí 2013.

Fundurinn haldinn í Fróðleiksmola á Reyðarfirði kl. 15:00 –18.45.

Mætt: Valdimar O.Hermannsson, Rögnvaldur Ólafsson, Þórunn Eymundardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sverrir Albertsson, Sigrún Blöndal, Anna Dóra Helgadóttir og Karl S. Guðmundsson framkvæmdastjóri. Skúli Björn Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar staðfestar og undirritaðar.
2. Fjármál Austurbrúar
3. Skýrsla framkvæmdastjóra – stöður mála.
4. Aðkoma Austurbrúar að Húsi handanna/Upplýsingarmiðstöð/ Þorpið ofl.
5. Ársfundur/aðalfundur Austurbrúar í maí '13.
6. Önnur mál, erindi, bréf ofl.,
7. Ákveða næsta stjórnarfund Austurbrúar.
8. Upplýsingar og kynningar á Austurbrúar.

Í upphafi fundar lagði VOH til að Anna Dóra Helgadóttir sæti allan fundinn sem varamaður. Einnig að Sigrún Blöndal ritaði fundargerð. Það samþykkt. Magnús Jónsson endurskoðandi sat fundinn undir 2. lið.

1. Fundargerðir stjórnar.

Fundargerðir síðasta stjórnarfundar voru staðfestar og undirritaðar.

2. Fjármál Austurbrúar

a) Ársreikningur og endurskoðunarskýrsla.

Magnús Jónsson hjá KPMG fór yfir endurskoðunarskýrslu og ársreikning fyrir 2012. Skv. ársreikningi var rekstrarhalli á Austurbrú 9,3 milljónir árið 2012. Rekstrartekjur stofnunarinnar voru 191,3 milljón þá 7 mánuði sem stofnunin starfaði en rekstrargjöld 198 milljónir. Veltufé frá rekstri var neikvætt sem nam 7,4 milljónum. Handbært fé í árslok nam 19,2 milljónum. Ljóst er að auka þarf tekjur til verkefna á þessu ári ef rekstur Austurbrúar á að vera hallalaus. Sameiginlegur kostnaður við sameininguna er um 10 milljónir. Fjármálastjóri (ADH) upplýsti að stöðugt er unnið að því að bæta verklag og vinnu við bókhaldið. Fjármálastjóri og endurskoðandi

Sells.

STP

svöruðu fyrirspurnum vegna ársreiknings og umræður urðu um hvernig ákveðnum þáttum í bókhaldi er best komið. Meginmarkmiðið er að rekstur Austurbrúar sé gegnsær, opinn og að styrkir sé auðrekjanlegir.

Magnús Jónsson vék af fundi kl. 16.30.

b) Fjármál.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir drögum að uppgjöri fyrir janúar – mars 2013. Staðan er jákvæð en framundan eru þó nokkuð þungir greiðslumánuðir.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra (starfsmannamál, samningar. ofl.)

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundum sem hann hefur átt vegna ýmissa verkefna. Lagt var fram samkomulag um samstarf Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Austurbrúar. Unnið er að samkomulagi við Vísindagarðinn ehf. vegna leigu Austurbrúar á húsnæðinu við Tjarnarbraut 39 á Egilsstöðum.

Umsóknir um starf verkefnisstjóra á þróunarsviði voru 28. Búið er að flokka þær umsóknir og verið að kalla valda umsækjendur í viðtal. Um starf verkefnisstjóra á fræðslusviði bárust 38 umsóknir sem verið er að flokka.

4. Aðkoma Austurbrúar að Húsi handanna / Upplýsingarmiðstöð/ Þorpinu ofl.

SMA og AS gerðu grein fyrir tillögum vinnuhóps sem skipaður var á síðasta stjórnarfundum til að fjalla um aðkomu Austurbrúar að Húsi handanna, Upplýsingamiðstöð og Þorpinu. Vinnuhópurinn leggur fram tillögur í 6 liðum. Hver liður var ræddur sérstaklega og greidd um hann atkvæði.

4.1. Rekstur Upplýsingamiðstöðvar.

Vinnuhópurinn leggur til Austurbrú sjáí að svo stöddu áfram um rekstur Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn á Egilsstöðum, landshlutamiðstöðvar.

Árið 2013 verði þó notað til að skoða aðra möguleika, m.a. í samhengi við stöðu upplýsingamiðstöðva á landsvísu og aðra upplýsingagjöf til ferðamanna innan fjórðungsins. Einnig verði málið tekið fyrir við stefnumótun í ferðamálum fyrir fjórðunginn.

Stefnt skal að því að mótaðar tillögur um breytingar á rekstri upplýsingamiðstöðvarinnar eða að Austurbrú hætti þessum rekstri liggi fyrir í september. Mikilvægt er að fulltrúi markaðsmála Austurbrúar sé virkur við þá tillögugerð og haft sé samráð við aðra fulltrúa / verkefnisstjóra sem mögulega komi að málum svo og ferðamálasamtök Austurlands. Tillögunum fylgi fjárhagsáætlun þar sem stefnt er að sjálfbærni verkefnisins.

Samþykkt samhljóða.

4. 2. Húsnæði Upplýsingamiðstöðvar.

Vinnuhópurinn hefur fengið staðfest frá Íslandsbanka að ekki verður hróflað við húsnæðinu fyrr en 1. október nk. Því getur rekstur í því verið óbreyttur á komandi sumri. Fyrir liggur að Íslandsbanki hefur ákveðið að selja húsnæðið en vandséð að Austurbrú geti keypt húsnæðið á markaðsverði.

Stj
SBP
Sullh.

Staðsetning húsnæðisins og aðstaða er engu að síður ákjósanleg fyrir hvers kyns þjónustu við ferðamenn og mikil fjölgun varð í komum á upplýsingamiðstöðina eftir að hún var flutt af tjaldsvæði og í Níuna.

Vinnuhópurinn leggur til að kannað verði hvort unnt verði að hafa forgöngu um að fjárfestar kaupi húsnæðið beinlínis til að framleigja til þessarar starfssemi. Hópurinn leggur til að framkvæmdastjóra verði falið að ræða við Fljótsdalshérað og mögulega fjárfesta um aðkomu að verkefninu.

Ennfremur verði sett upp „plan B“ er snúi að því hvar og hvernig Upplýsingamiðstöðin verði starfrækt – takist ekki að tryggja húsnæðið til frambúðar.

Samþykkt samhljóða.

4.3. Þorpið – verkefnisstjórn

Vinnuhópurinn leggur til að nú þegar verði mynduð 3ja manna verkefnisstjórn fyrir Þorpið. Í henni sitji: einn fulltrúi tilnefndur af stjórn Austurbrúar, einn fulltrúi frá SAM-félaginu og einn fulltrúi frá vöruþróunarverkstæðum (verkstæðin Egilsstöðum, Stöðvarfirði, Seyðisfirði og Vopnafirði – leitað verði að sameiginlegri tilnefningu).

Þessi stjórn vinni með verkefnistjóra að endurskilgreiningu á verkefninu í heild, forgangsröðun verkþátta og framgangi þess. Kostnaður vegna verkefnisstjórnar verður færður á lið Þorpsins.

Verkefnisáætlun vegna Þorpsins verði lögð fyrir stjórn ekki síðar en í september ásamt og fjárhagsáætlun vegna einstakra verkþátta.

Samþykkt með meirihluta atkvæða.

4.4. Þorpið – fyrirmyndarverkefni

Vinnuhópurinn leggur til að Þorpið, sem er viðtækt verkefni sem teygir anga sína inn í flesta þá málaflökka sem Austurbrú færst við, verði notað sem fyrirmyndarverkefni (pilot project) um hvernig Austurbrú kemur að stórum verkefnum sem ná yfir allan fjórðunginn.

Það þýðir að Austurbrú nýti Þorps-verkefnið til að skýra ferla og búa til þá ramma sem þurfa að gilda um verkefni af þessum toga sem Austurbrú tekur að sér að sinna. Í þeim tilgangi verði myndað teymi starfsmanna innan Austurbrúar sem vinni með Þorpið sem fyrirmyndarverkefni og setji niður á blað vinnuferla og verklagsreglur byggt á reynslu.

Afgreiðslu frestað.

4.5. Þorpið - Anddyri Austurlands

Hugmyndin um Anddyri Austurlands er sprottin upp úr vinnu kringum Þorpið. Ákveðnir fjármunir hafa þegar fengist til að vinna með hugmyndina.

Vinnuhópurinn leggur til að Austurbrú beiti sér fyrir því að sérstakur undirbúningshópur samstarfsaðila verði myndaður sem fari þá ofan í saumana á hvort raunhæft sé að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd, hvernig það verði best gert og hvort tryggja megi fjármagn og húsnæði til þess.

Austurbrú eigi aðild að þessum undirbúningshópi með fulltrúa markaðsmála vegna upplýsingamiðstöðvar. Fljótsdalshérað og önnur sveitarfélög verði einnig kölluð að borðinu til að meta og móta þessa hugmynd.

Samþykkt samhljóða.

4.6. Hús handanna

Gott samstarf hefur verið milli Húss handanna og Upplýsingamiðstöðvar í sameiginlegu húsnæði í Níunni sem Austurbrú framleigir til helminga til HH. Rekstur HH hefur hins vegar verið þungur en

Ákveðin endurskipulagning hefur farið fram síðustu mánuði og nýir samningar verid gerðir um sölu. Þá hefur verið opnaður söluvefur sem ásamt öðru á styrkja rekstrargrundvöll HH.

Vinnuhópurinn leggur til að leiguskuld Húss handanna, sem nú nemur 800.000 kr +., verði fryst fram til 15. september gegn því að stjórn HH ábyrgist leigugreiðslur fyrir maí, júní, júlí, ágúst. Verslunin fái þannig að starfa óáreitt út sumarið og í september verði þá komin niðurstaða um framtíðarrekstur og hvernig staðið verði að uppgjöri við Austurbrú vegna leiguskuldar.

Samþykkt samhljóða.

5. Ársfundur/aðalfundur Austurbrúar í maí '13.

Rætt um undirbúning ársfundar í maí. Starfsháttanefnd hefur komið saman en ljóst er að tíminn er nokkuð knappur. Samþykkt að seinka fundinum um viku og halda hann föstudaginn 31.maí nk. á Seyðisfirði.

6. Önnur mál, erindi, bréf ofl.

Frestað.

7. Ákveða næsta stjórnarfund Abr.

Næsti stjórnarfundur ráðgerður um miðjan maí. Vísað til framkvæmdaráðs.

8. Upplýsingar og kynningar á Austurbrú.

Frestað.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 18.45.



Valdimar Ö. Hermannsson



Sverrir Mar Albertsson

Rögnvaldur Ólafsson



Sigrún Blöndal



Þórunn Eymundardóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Anna Dóra Helgadóttir